Sþ. **886. Nefndarálit**

um till. til þál. um ábyrgð ríkisins á láni handa Flateyjarhreppi til að koma upp frystihúsi og fiskiðjuveri í Flatey á Breiðafirði.

Frá fjárveitinganefnd.

Hreppsnefnd Flateyjarhrepps og íbúar hreppsins hafa sýnt mikla framsýni og gert mikið fjárhagslegt átak til þess að tryggja útgerð frá Flatey. Einn þáttur í þessu framtaki er sá að koma upp frystihúsi og fleiru til hagnýtingar afla. Áætlað er, að frystihúsið kosti 600 þús. krónur. Safnazt hafa loforð fyrir 200 þús. kr. framlögum frá einstaklingum og kaupfélaginu í Flatey. Hreppurinn hefur ákveðið að leggja fram 150 þús. kr., ef hann fær aðstoð ríkisins til lántöku.

Fjárveitinganefnd hefur kynnt sér þetta áform Flateyinga og komizt að þeirri niðurstöðu, að réttmætt sé, að ríkið styðji það á þann hátt, sem fram á er farið í þingsályktunartillögunni.

Nefndin leggur því til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 150 þús. króna lán, er Flateyjarhreppur hefur í hyggju að taka til þess að koma upp hraðfrystihúsi og fiskiðjuveri í Flatey á Breiðafirði, gegn tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda.

Alþingi, 19. maí 1947.

Gísli Jónsson, form. Sigurður Kristjánsson, frsm. Pétur Ottesen.

Ingólfur Jónsson. Ásmundur Sigurðsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. Halldór Ásgrímsson.